

066/01 - Örn KE-13

Örn KE-13, mannopslok á lestarlúgu fellur á skipverja

Örn KE-13

Skipaskr.nr.: 1012

Smíðaður: Florö Noregi 1966 Stál

Stærð: 566,00 brl; 949,00 bt

Lengd: 55,51 m **Breidd:** 10,00 m **Dýpt:** 7,00 m

Vél: MAN B&W Alpha 2.135,00 kW **Ágerð:** 1998

Annað:

Földi skipverja:



Atvikalýsing

Þann 25. mars 1999 lá m.s. Örn KE-13, við bryggju í Njarðvíkurhöfn.

Skipverjar unnu að þrifum í vertíðarlokk og voru tveir þeirra við að opna fremstu lestarlúgu bakborðsmegin. Annar húkkaði lúgulokinu í gilskrókinn en hinn hífði með krana skipsins. Sá skipverjinn sem var við lúguhlerann hafði einnig það hlutverk að setja festingar á lúguna þar sem hún í opinni stöðu féll að styttu.

Skipverjinn stóð við lúguhleran sem var í löðréttum stöðum og var að festa hann með tersa sem halda átti lúgunni. Á lúguhleranum var mannop sem þá skyndilega opnaðist og lenti á hægri hönd skipverjans sem slasaðist.

Við rannsókn kom fram

- að mannopslokið var ekki tersað aftur;
- að þegar lestarhlerinn var opinn sneru lamir mannopsloksins niður.

Nefndarálit

Nefndin telur orsök slyssins megi rekja til hönnunargalla á mannopslokinu og því að skipverjarnir hugðu ekki að því að mannopið væri skálkað aftur áður en lúguhlerinn var opnaður.